

150.00). Að þessu sinni hefur stefndi fallizt á að greiða stefnendum þessa fjárhæð, og verða kröfur stefnenda því teknar til greina.

Um 9. lið.

Stefndi hefur viðurkennt þenna kröfulið, og ber honum því að greiða hann að fullu með kr. 100.00.

Samkvæmt framangreindu verða úrslit málsins þau, að stefnda ber að greiða stefnendum kr. 274.73 með vöxtum, svo sem krafizt er í stefnu, og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Haraldur Guðmundsson, greiði stefnendum, Vigfúsi Kristjánssyni og Sigurlaugu Kristjánsdóttur, kr. 274.73 með 6% ársvöxtum frá 29. september 1950 til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtinginu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. desember 1951.

Nr. 16/1950. **Guðmundur Tómasson og Gaston Ásmundsson** (Gústaf A. Sveinsson)
 gegn
Byggingarsamvinnufélaginu Garði
 og gagnsök (Theódór B. Lindal).

Dómur og málsmeðferð að nokkru ómerkt, þar sem sérfróðir samdómendur voru ekki skipaðir.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1950. Krefjast þeir þess, að svo stöddu, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu af sinni hálfu með stefnu 24. apríl 1950, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. marz s. á., fellst á ómerkingarkröfu aðaláfrýjanda, en krefst máls-

kostnaðar úr hendi þeirra fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjendur höfðuðu mál þetta í héraði með stefnu 27. maí 1948. Kröfðust þeir þess, að gagnáfrýjanda yrði dæmt að greiða þeim eftirstöðvar launa, kr. 3629.69, samkvæmt verksamningi um byggingu á tveimur íbúðarhúsum fyrir hann. Gagnáfrýjandi höfðaði gagnsök í héraði með stefnu 15. september 1948. Krafðist hann þess, að aðaláfrýjendum yrði dæmt að greiða honum kr. 15.232.58 vegna vanefnda á verksamningnum, eins og nánar er lýst í héraðsdómi. Þar sem málinu var svo háttað, bar nauðsyn til, að héraðsdómari kveddi sérkunnáttumenn um húsagerð til að dæma málið með sér, sbr. 3. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936. Þetta hefur héraðsdómari látið undir höfuð leggjast, og ber því að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferð frá 8. nóvember 1948, er málið var hið fyrra sinni lagt í dóm í héraði, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá 8. nóvember 1948 á að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. nóv. 1949.

Mál þetta, sem upphaflega var tekið til dóms þann 8. nóv. f. á., síðan endurupptekið og nú tekið til dóms að nýju þann 9. þ. m., hafa stefnendur í aðalsök, þeir Guðmundur Tómasson byggingameistari, Helgamagrastræti 23, og Gaston Ásmundsson byggingameistari, Bjarkastíg, báðir á Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 27. maí 1948, á hendur stjórn Byggingarsamvinnufélagsins Garðs, Akureyri, fyrir félagsins hönd, en stjórn hins stefnda félags skipa þeir Svavar Guðmundsson bankastjóri, formaður, Karl Friðriksson vegaeftirlitsmaður, Sigurður M. Helgason fulltrúi, Halldór Halldórsson menntaskólakennari og Jóhannes Jónsson verzlunarmaður, allir á Akureyri. Stefnendur í aðalsök gera þá kröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 3.629.69 auk vaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og kr. 700.00 í málskostnað.

Stefndi í aðalsök mótmælir öllum kröfum stefnenda, að undanskildum kr. 1.923.00, sem hann krefst, að komi til skuldaþafnaðar gagnkröfu, er um

ræðir í gagnsök. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnenda í aðalsök eftir mati dómara.

Með gagnstefnu, útgefinni 15. sept. 1948, hefur stefndi í aðalsök höfðað gagnsök á hendur stefnendum og gert þær dómkröfur, að gagnstefndu verði dæmdir sameiginlega til að greiða kr. 15.232.58 auk vaxta frá útgáfudegi gagnstefnu og málskostnaðar með eða án skuldajafnaðar við kröfur stefnenda í aðalsök.

Gagnstefndu mótmæla kröfum gagnstefnanda og krefjast þess, að ekkert tillit verði til þeirra tekið.

Aðalsök. Stefnendur gera þannig grein fyrir kröfum sínum í aðalsök. Með samningi, dags. 1. júní 1946, tóku þeir að sér að byggja tvö íbúðarhús við Grænugötu hér í bæ fyrir stefnda. Fyrir umsjón með byggingunum áttu þeir að fá greidd meistaralaun, kr. 19.710.60, samkvæmt 4. gr. verðskrár Byggingameistarafélags Akureyrar. Af upphæð þessari telja stefndur vangreiddar kr. 2.404.60. Auk þess krefjast þeir þess að fá greiddar kr. 805.09 vegna umsjónar með innréttingu á rishæð, sem ekki var gert ráð fyrir við samningsgerð. Fyrir teikningu af innréttingu rishæðarinnar krefjast þeir að fá greiddar kr. 320.00 og fyrir uppdrátt af eldhúsinnréttingum krefjast þeir að fá greiddar kr. 100.00. Samtals nemur þetta kr. 3629.69, eins og í stefnu greinir. Stefnendur telja rúmmál beggja húsanna vera 3458 teningsmetra, og er það ekki véfengt. Samkvæmt 4. gr. ofangreindrar verðskrár bar stefnendum að fá greiddar kr. 3.00 fyrir hvern rúmmetra að viðbættri vísitöluuppbót, miðað við vísitölu, er samningur var gerður, en vísitala var þá 285. Frá grunnupphæðinni skyldi þó dragast 50 aurar fyrir bókhald og útborgun og 50 aurar fyrir útvegum á efni, en stefndi annaðist þessi verk. Þóknun stefnenda skyldi því vera kr. 2.00, margfaldað með vísitölunni, þ. e. kr. 5.70 fyrir hvern rúmmetra, eða samtals kr. 19.710.60 fyrir 3458 rúmmetra. Teikning sú, er lögð var til grundvallar við samningsgerð, sýndi óinnréttaða rishæð. Síðar var þessu breytt og meðstefnanda Guðmundi Tómassyni falið að gera teikningu af innréttingu rishæðar. Risið var einnig hækkað, frá því sem upphaflega var áætlað, og fjórir kvistir settir á hvora hlið húsanna. Í rishæðum beggja húsanna voru innréttað samtals 12 herbergi og 4 snyrtiklefar. Risið ásamt kvistum telja stefndur vera að rúmmáli 281.6 rúmmetra á hvoru húsi, eða samtals 563.2 rúmmetra. Reikna stefndur sér kr. 1.43 í þóknun á rúmmetra fyrir að sjá um innréttingu þessa, eða alls kr. 805.09. Segja stefndur, að ekki sé víst, að þeir hefðu samið við stefndu um byggingu húsanna á þann hátt, sem gert var, ef fyrir hefði legið þá að innrétta rishæðina. Þóknun fyrir teikningu rishæðarinnar kveður stefndi byggða á 6. og 7. gr. verðskrár byggingameistarafélagsins.

Stefndi í aðalsök gerir þannig grein fyrir mótmælum sínum: Hann telur, að umsamin þóknun til stefnenda fyrir eftirlit með byggingunum hafi verið kr. 19.230.00, en ekki 19.710.60. Reikningar stefnenda hafi allir verið miðaðir við fyrrgreinda upphæð og síðasti reikningur, sem stefndur gáfu út 31. des. 1947, hafi aðeins numið kr. 1923.00, þ. e. 1/10 hluta umsaminnar þóknunar, en hinir 9/10 hlutar hafi þá verið greiddir, sam-

tals kr. 17.307.00. Stefndi viðurkennir, að stefnendur hefðu rétt til að krefjast upphæðarinnar, kr. 1.923.00, samkvæmt samningnum, ef þeir hefðu uppfyllt hann að sínum hluta, en svo hafi ekki verið, og kveðst stefndi því hafa synjað um greiðslu upphæðarinnar, þar til kröfur hans á hendur stefnendum vegna vanefnda væri á enda kljáðar, en fyrir þeim er grein gerð í gagnsök.

Kröfu um sérstaka þóknun fyrir umsjón með innréttingu þakhæðar mótmælir stefndi eindregið. Hann telur, að ekki hafi verið gerð krafa um þóknun þessa fyrr en í stefnu, og komi hún því algerlega á óvart. Hins vegar viðurkennir hann, að ris húsanna hafi verið hækkuð nokkuð og rúmmál húsanna hafi aukizt við það um 84 rúmmetra. Þá telur hann, að innrétting rishæðanna eða fyrirkomulag hennar hafi verið ákveðið af Karli Friðrikssyni og Guðjóni Samúelssyni, og Guðmundur Tómasson hafi ekki verið beðinn að teikna hana. Jafnvel þótt Karl Friðriksson hafi beðið hann að gera grunnteikningu, geti þóknun fyrir það vart farið fram úr kr. 50.00. Um eldhúsinnréttingarnar segir hann, að þær hafi verið keyptar af Guðmundi Tómassyni, enda smíðaðar í verkstæði hans, og er reikningi fyrir teikningar af þeim eindregið mótmælt.

Um ákvörðun meistaralauna fyrir umsjón með byggingum stefnda þykir verða að leggja til grundvallar verksamning þeirra, þannig að greiða beri kr. 5.70 fyrir hvern rúmmetra bygginganna. Ekki hefur verið véfengt, að rúmmál bygginganna sé 3458 rúmmetrar, og nemur meistarabóknun því kr. 19.710.60. Af þeirri upphæð eru þegar greiddar kr. 17.307.00 og því vangreiddar kr. 2403.60. Þykja stefnendur eiga rétt á að fá þá upphæð greidda.

Fyrir umsjón með innréttingu rishæðar teljast stefnendur ekki eiga rétt til þóknunar umfram það, sem fyrr greinir, þ. e. kr. 5.70 á rúmmetra, enda er krafa þeirra um þóknun þessa of seint fram komin, þar sem þeir létu undir höfuð leggja að krefjast breytingar á verksamningnum, þegar ákveðið var að innrétta rishæðina. Krafan kr. 805.09 fyrir þetta þykir því ekki á rökum byggð.

Upplýst er, að Karl Friðriksson umsjónarmaður stefnda með verklegum framkvæmdum, bað stefnanda Guðmund Tómasson að gera teikningu af rishæð húsanna, eftir að ákveðið hafði verið að innrétta þær. Ekki þykir nægilega sýnt fram á, að 320 króna þóknun fyrir teikningu þessa sé ósanngjarnlega há, og verður hún því eftir atvikum viðurkennd.

Ómótmælt er, að Guðmundur Tómasson hafi selt stefnda eldhúsinnréttingarnar í húsin. Var stefnda því rétt að líta svo á, að verð þeirra væri ekki hærra en reikningar fyrir þær sýndu. Þykir því krafa stefnenda um sérstaka þóknun fyrir teikningu af þeim ekki á rökum byggð.

Niðurstaða í aðalsök verður því sú, að stefnda ber að greiða stefnendum kr. 2723.60 ásamt 5% ársvöxtum frá 27. maí 1948 til greiðsludags. Um málskostnað verður síðar greint.

Gagnsök. Í gagnsök gerir gagnstefnandi þannig grein fyrir kröfum sínum: Er byrjað var á byggingunum, kom í ljós, að verktaka skorti mjög smíði og æfða byggingaverkamenn, en samkvæmt verksamningnum bar

þeim skylda til að annast útvegum á þeim. Steypuvinnna og múrverk gekk þó að öllu leyti að óskum. Vinna við byggingarnar hófst um vorið 1946. Þegar komið var fram í miðjan desember, unnu aðeins 2 vanir smiðir, 1 gervismiður og 4 verkamenn við byggingarnar. Þótti stjórn gagnstefnanda þá í svo óvænt efni komið, að hún fól Karli Friðrikssyni að reyna að útvega menn. Tókst honum að útvega nokkra vana smiði eftir áramótin, þ. á. m. Þorvald nokkurn Guðjónsson brúarsmið. Tók Þorvaldur að sér að sjá um smiðavinnu í öðru húsinu, og kveðst gagnstefnandi hafa neyðzt til að greiða honum meistarakaup. Hann vann við byggingarnar fram í maí, og nam kaup hans á þessum tíma umfram venjulegt smiðakaup kr. 971.10. Þenna kostnaðarauka telur gagnstefnandi, að gagnstefndu beri að greiða, enda stafi hann beinlínis af því, að gagnstefndu stóðu ekki við verksamninginn um útvegum byggingamanna. Auk Þorvalds og manna þeirra, er honum fylgdu, útvegaði Karl 3 aðra smiði og verkamenn. Þegar Þorvaldur og menn hans fóru, sótti fljótt í sama horfið, og síðustu vikuna kveður gagnstefnandi aðeins tvo menn hafa unnið fulla vinnuviku.

Þök húsa voru ekki járnklædd strax, heldur aðeins pappalögð. Kom fram verulegur þakleki á húsunum, og urðu nokkrar skemmdir á þakhæðunum af þessum sökum. Þá kveður gagnstefnandi, að hurðir, sem gagnstefndi Guðmundur Tómasson smiðaði í verkstæði sínu, hafi reynzt mjög gallaðar, og taka varð margar þeirra upp af nýju, þar sem þær gisnuðu og rifnuðu, svo að ekki varð við unað. Nokkuð af hurðunum lét gagnstefnandi að vísu laga, en ekki allar. Fyrir þetta hvort tveggja, skemmdir vegna þakleka og galla á hurðum, krefst gagnstefnandi skaðabóta, að upphæð kr. 2000.00.

Þá heldur gagnstefnandi því fram, að við byggingu stigahúsa hafi gagnstefndu ekki farið eftir teikningu, sem byggja átti eftir, heldur hafi stigahúsin verið gerð þrengri en vera átti, og valdi það óþægindum og erfiðleikum við að koma stórum munum upp eða niður stigana. Fyrir óhagráði, sem af þessu hlýzt, krefst hann bóta úr hendi gagnstefndu, kr. 3000.00 fyrir hverja íbúð á efri hæð, eða samtals kr. 12.000.00.

Nokkur dráttur varð á að útvega járn á þök húsa af hendi gagnstefnanda. Þegar það hafði tekið, sneri formaður gagnstefnanda, Svavar Guðmundsson, sér til gagnstefnda Guðmundar Tómassonar og fór þess á leit, að hann járnklæddi þökin, svo sem honum bar samkvæmt verksamningnum. Kveður gagnstefnandi, að hann hafi þá sagt, að hann gæti þetta ekki um sinn, þar sem hann hafði þá tekið að sér önnur verk. Komið var fram á haust, og taldi gagnstefnandi bráðra aðgerða þörf vegna þaklekans. Fékk hann þá aðra smiði til þess að annast verk þetta, og varð gagnstefnandi að greiða aukabókun, kr. 261.48, fyrir verkið umfram venjulegt kaup smiðanna. Telur hann, að gagnstefnda beri að draga upphæð þessa frá meistaralaunum sínum eða greiða samsvarandi bætur fyrir að hafa látið hjá líða að ljúka verkinu.

Kröfur gagnstefnanda í gagnsök nema þannig kr. 15.232.58, og er það í samræmi við gagnstefnu.

Gagnstefndu gera þannig grein fyrir mótmælum sínum. Þeir benda á,

að ekki hafi verið samningi bundið, á hve skömmum tíma húsin skyldu byggð. Þeir halda fram, að Karl Friðriksson hafi sótt fast að koma Þorvaldi Guðjónssyni og nokkrum verkamönnum að byggingavinnu við húsin, en þeir hafi unnið hjá honum í vegavinnu um sumarið, og enginn hörgull hafi verið á faglærðum mönnum um þetta leyti. Þorvaldur hafi haft verkstjórn manna þeirra, er honum fylgdu, en Guðmundur Tómasson yfirstjórn verksins. Gagnstefndu kannast ekki við, að fundið hafi verið að því, að of fáir smiðir og verkamenn ynnu við húsin fyrir en um vorið 1947, er Þorvaldur var farinn. Kaup Þorvalds og hans manna kveða gagnstefndu sér óviðkomandi, enda hafi þeir ekki átt þátt í að ákveða það.

Gagnstefndu viðurkenna, að þökin hafi lekið, þó ekki svo mikið, að tjón yrði að. Þeir telja, að pappinn hafi verið óeðlilega stökkur og gagnstefnandi hafi ekki sinnt ítrekuðum tilmælum um að leggja til bik á pappann. Þeir telja og, að nýjar hurðir hafi verið settar í stað þeirra, sem gallaðar reyndust, en mótmæla bótakröfu vegna galla á hurðum að öðru leyti, með því að þeir séu ekki réttir aðiljar að þeirri kröfu. Hurðirnar hafi verið smíðaðar á verkstæði Guðmundar Tómassonar og Eypórs Tómassonar og keyptar af því verkstæði.

Að því er gerð stiga og stigahúsa snertir, heldur gagnstefndi Guðmundur Tómasson því fram, að hann hafi farið þess á leit við Karl Friðriksson, að stigunum yrði gerbreytt, sökum þess hve þeir voru áætlaðir þröngir. Karl hafi hins vegar ekki tekið það í mál og hafi stigar síðan verið byggðir í samráði við hann. Er bótakröfu út af þessu algerlega mótmælt.

Kröfu gagnstefnanda um bætur fyrir tjón, sökum þess að aðrir smiðir voru fengnir til að setja járn á þökin, er einnig mótmælt. Gagnstefndi Guðmundur Tómasson kveðst ekki hafa skorast undan að vinna verkið, enda þótt hann hefði ekki tök á því þegar, er um það var beðið. Kveðst hann hafa tjáð Svavari Guðmundssyni, að hann skyldi gera þetta, þegar hann hefði lokið verki því, er hann þá var með. Er hann síðar ætlaði að hefja verkið, voru aðrir menn byrjaðir á því.

Að því er varðar ráðningu starfsmanna við byggingarnar, verður þetta annars ráðið af gögnum málsins. Gagnstefndu bar skylda til að annast útvegum á mönnum samkvæmt verksamningi. Upplýst er og viðurkennt, að Karl Friðriksson, eftirlitsmaður gagnstefnanda, réð fyrrnefndan Þorvald Guðjónsson ásamt nokkrum mönnum, er honum fylgdu, og unnu þeir við bygginguna frá jan. 1947 til maí sama ár. Snemma sumars 1946 réð sami Karl tvo menn að byggingunum og þann þriðja síðsumars sama ár. Gagnstefndu mótmæla því hins vegar, að hörgull hafi verið á vinnukrafti um þetta leyti og ekki hafi verið að því fundið fyrir en sumarið 1947, eftir að Þorvaldur og menn hans voru hættir, að of fáir menn ynnu við byggingarnar. Þorvald og menn hans kveða þeir hafa fengið vinnu þarna eftir eindregnum tilmælum Karls Friðrikssonar. Þegar á allt þetta er litið, þykir ekki nægilega sannað, að vanefndir gagnstefndu að þessu leyti hafi verið það verulegar, að bótaskyld sé.

Um bætur fyrir tjón vegna þaklega og galla á hurðum verður þetta sagt. Ekki hefur verið sýnt fram á, hverjar skemmdir hafi hlotizt af þak-

leka né að hann hafi stafað af handvömm gagnstefndu eða starfsmanna þeirra. Verður því ekki tekin til greina bótakrafa vegna þaklekans. Hurðirnar hafa verið skoðaðar af dómkvöddum mönnum, og meta þeir tjón vegna galla á þeim kr. 3550.00. Upplýst er með framlögðum reikningum, að gagnstefndi Guðmundur Tómasson seldi gagnstefnanda hurðirnar af verkstæði sínu, og þykir gagnstefndi Gaston Ásmundsson því ekki eiga að bera ábyrgð á göllum á þeim. Framangreindu mati hefur ekki verið hnekk, og þykir því bótakrafan, kr. 2000.00, á fullum rökum byggð, og er þó tekið tillit til þess, að matsmennirnir telja galla á hurðunum ekki að öllu leyti sök þess, er smíðaði og valdi efni í þær. Verður þessi kröfufiliður því tekinn til greina, þannig að gagnstefndi Guðmundur Tómasson verður einn saman dæmdur til að greiða upphæðina.

Tjón gagnstefnanda af þeim sökum, að ekki var fylgt teikningum af stigahúsi, var metið af dómkvöddum mönnum á kr. 6000.00. Gagnstefndu undi ekki mati þessu, og fór fram yfirmat. Lýsa yfirmatsmenn fráviki frá teikningu að þessu leyti þannig, að steptur hafi verið einn veggur, er gekk upp milli stiganna. Telja þeir, að það hafi verið gert í þeim tilgangi að fá stigana eins rúma og kostur var á í hinu þrönga stigahúsi, sem var svo þröngt á teikningu, að ekki fullnægði kröfum þeim, er byggingarsamþykkt gerir um rými stigahúsa. Járnateikning, sem farið var eftir, telja þeir og hafa verið í ósamræmi við aðalteikningu. Á járnateikningu er gert ráð fyrir tveimur veggjum, hvorum undir sínum stigakjálka. Verður af álitsgerð yfirmatsmanna ráðið, að þeir telji því fjarri fara, að tjón hafi hlotizt af breytingu þessari, heldur hafi hún verið skynsamlega ráðin. Tveir starfsmenn við byggingarnar hafa skýrt svo frá fyrir dómi og unnið eið að, að þeir hafi heyrt Guðmund Tómasson tala um það við Karl Friðriksson, að hann vildi breyta fyrirkomulagi stiga, en Karl hafi ekki tekið það í mál og talið sjálfsagt að byggja stigana, eins og gert var. Þegar allt þetta er virt, þykja ekki næg efni til að taka til greina bótakröfu gagnstefnanda að þessu leyti.

Um síðasta kröfufilið gagnstefnanda er þetta að segja: Þegar gagnstefnandi óskaði eftir, að þökin yrðu járnklædd, gat gagnstefndi Guðmundur Tómasson ekki sagt honum, hvenær hann mundi geta það, eða kvaðst ekki muna, hvort hann hafi sagt honum það. Þykir því gagnstefnanda eftir atvikum hafa verið heimilt að fá aðra menn til verksins og auka-kostnað af þessum sökum, kr. 261.48, þykir því réttmætt að draga frá meistaralaunum gagnstefndu. Verður því kröfufiliður þessi tekinn til greina.

Niðurstaða í gagnsök verður því sú, að gagnstefndu Guðmundur Tómasson og Gaston Ásmundsson sameiginlega greiði gagnstefnanda kr. 261.48 og gagnstefndi Guðmundur Tómasson greiði honum einn saman kr. 2000.00, hvort tveggja með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi gagnstefnu til greiðsludags.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök þykir eftir atvikum mega falla niður.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði stefndi, Byggingarsamvinnufélagið Garður, stefnendum, Guðmundi Tómassyni og Gaston Ásmundssyni, kr. 2723.60 ásamt 5% ársvöxtum frá 27. maí 1948 til greiðsludags.

Í gagnsök greiði gagnstefndu, Guðmundur Tómasson og Gaston Ásmundsson, gagnstefnanda, Byggingarsamvinnufélaginu Garði, kr. 261.48 og gagnstefndi Guðmundur Tómasson greiði gagnstefnanda einn saman kr. 2000.00, hvort tveggja greiðist með 5% ársvöxtum frá 15. sept. 1948 til greiðsludags.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. desember 1951.

Nr. 32/1951. **Magni Guðmundsson** (Sigurður Ólason)
gegn

Hannesi Scheving (Ragnar Ólafsson).

Fógeti lét ódæmd ýmis atriði. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. marz 1951, krefst þess, að úrskurður fógeta verði felldur úr gildi og synjað verði útburðar, svo og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Nauðsyn bar til þess, að aðiljar öfluðu í máli þessu fyrir atbeina húsaleigunefndar og yfirhúsaleigunefndar, ef því var að skipta, gagna um það, hver væri hæfileg leiga eftir skúr þann, er í málinu greinir, í því lagi, sem hann var í, þegar áfrýjandi tók við honum. Síðan bar fógeta að leggja dóm á